

Til umræðu á Norðurlandaráðsþingi:

NORDSAT og orkusamstarf

NORDSAT er meðal mikilvægra mála á dagskrá 26. þings Norðurlandaráðs sem hefst í Kaupmannahöfn á mánudaginn, en mjög deildar skoðanir eru um hvort koma skuli á loft þeim gervihnetti til að útvarpa hljóð- og sjónvarpssendingum milli Norðurlandanna.

Tilmæli til ríkisstjórnanna um gagnkvæmar útvarps- og sjónvarpssendingar hafa verið samþykkt sextán sinnum af ráðinu, en ágreiningurinn snýst um hvort þær skuli framkvæmdar með gervihnetti eða með öðrum hætti. Tillaga sem ráðherranefndin hefur lagt fyrir þingið nú tekur ekki afstöðu til ágreiningsins, en þar er gert ráð fyrir, að samningsviðræður hefjist strax

um viss atriði varðandi Nordsat, en endanleg ákvörðun verði tekin af ráðherranefndinni fyrir lok þessa árs.

Efnahagsnefnd leggur fram á þinginu kröfu um að orku- og iðnaðarsamstarf landanna verði styrkt, m.a. til að minnka hráefnainnflutning.

Samningurinn frá 1956 um félagslegt öryggi verður nú endurskoðaður og samningur við þróunaráætlun Norðurlanda verður undirritaður. Þriðjudagskvöldið 3. mars verða Snorra Hjartarsyni afhent bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

Ad hálfu Alþingis sitja þingið Matthias A. Mathiesen, Arni Gunnarsson, Halldór Asgrímsson, Páll Pétursson, Stefán Jónsson og Sverrir Hermannsson þingmenn og ritari Íslandsdeildarinnar, Friðjón Sigurðsson, skrifstofustjóri Alþingis.

Ad hálfu ríkisstjórnarinnar sitja þingið m.a. Gunnar Thoroddsen forsætisráðherra, Ólafur Jóhannesson utanríkisráðherra og Friðjón Þórðarson dómsmálaráðherra, sem fer með samstarfsmálefni Norðurlanda á vegum ríkisstjórnarinnar. Einnig sækja þingið nokkrir embættismenn.

Forseti Norðurlandaráðs, Matthias A. Mathiesen, mun setja þingið kl. 2 á mánudag, en því lýkur síðdegis á föstudag, 6. mars. Forsætisnefnd ráðsins skipa nú auk Matthiasar A. Mathiesen þingmennirnir Knud Enggaard, Danmörk, Elsi Hetemäki-Olander, Finnlandi, Lars Korvald, Noregi og Olof Palme, Svíþjóð. —vh


Leikarar:

Styðja nú útvarpið

Svofelld yfirlýsing var samþykkt einróma á fjölmönnum aðalfundi Félags íslenskra leikara.

„Aðalfundur F.I.L. þ. 23. febr. 1981 lýsir undrun sinni á skilningsleysi yfirvalda á fjárförum Ríkisútvarpsins.

Fundurinn skorar á Alþingi að gera Ríkisútvarpinu fært að sinna menningarlegum skyldum sínum við fólk í landinu, með aukinni fjárveitingu í einhverri mynd. Fundurinn lýsir stuðningi við hverja tilraun Ríkisútvarpsins til að fá hag sinn bætta.“



Þrjár myndir eftir Gunnlaug Scheving. Ljóm: Ella

Úr fórum Grethe og Ragnars Ásgeirssonar

Í dag hefst að Kjarvalsstöðum sýning sem kallast úr fórum Grethe og Ragnars Ásgeirssonar. Á veggjunum hanga myndir úr einkasafni þeirra hjóna sem þau eignuðust á árunum 1920—1960.

Það var einkennileg tilfinning að ganga um Kjarvalssalinn og horfa á myndir helstu meistara íslenskrar málalistar, Kjarval, Asgrím, Gunnlaug Scheving og Höskuld Jónsson sem því miður er allt of fáum kunnugur. Á sýningunni getur að líta lífsverk hjónanna Grethe og Ragnars og þegar maður lítur yfir verkin og bréfin sem eru til sýnis þá verður skiljanlegt hvernig brautryðjendum íslenskrar málalistar tókst að lifa og sinna list sinni. Þeir áttu að vini eins og Ragnar Ásgeirsson og Grethe sem skutu yfir þá skjólshúsi, keyptu myndir þegar þröngt var í bú og reyndu að gera hvað þeir gátu til að vinna

listinni brautargengi.

Meðal bréfa sem eru á sýningunni er eitt frá Tove Kjarval sem hún skrifaði árið 1931. Þá voru þau Kjarval skilin, en hún hélt áfram að styðja hann. Þegar bréfið var skrifað var hún að setja upp sýningu á verkum Kjarvals í Charlottenborg. Hún segir í bréfinu með sársauka að þegar margir þeir listamenn sem verið sé að hampa verði farnir að rotna í grófum sínum, muni nafn Kjarvals lifa. Bréfið er innsýn í líf listamanna sem fórnðu öllu fyrir listina, en jafnframt minnir það okkur á að þer er hver að baki nema sér bróður eigi. Þær eru margar konurnar sem gerðu listamönnum kleift að vinna sitt verk.

Elsta myndin á sýningunni er radering eftir Rembrandt sem Grethe kom með í búið frá Danmörku. Elsta íslenska verkið er eftir Asgrím Jónsson, lítið oliu-

málverk málaði í Borgarfirði 1904. Alls eru 154 myndir á sýningunni að Kjarvalsstöðum. Nú hefur safni þeirra Grethe og Ragnars verið skipt milli erfingja þeirra og því verður þetta væntanlega í fyrsta og eina sinn sem verkin verða sýnd saman. Sýningin gefur hvort tveggja í senn mynd af eldri meisturum íslenskrar málalistar og þeirri ást sem hjónin báru til myndlistarinnar.

Eva Ragnarsdóttir sem hefur unnið að sýningunni fyrir hönd erfingja þeirra hjóna sagði, að sagt hefði verið við sig að foreldrar hennar hefðu verið á undan sinni samtíð og haft vit á að „fjárfesta“ í málverkum. Það hefði nú verið öðru nær. Það hefði miklu verið fórnad, málaramir voru heimilisvinir þau hjónin voru að styrkja þá, fjárfestingarsjónarmið voru fjarri lagi í þá daga.

—ká

Bulgaria

Búlgörsk vika

- Hótel Loffleiðir: 5—8 mars. Búlgarskur matur á hverju kvöldi kl. 19.00. Búlgarskir listamenn skemmta, hljómsveit, söngkona, þjóddansaflokkur og töframenn.
- Borðapantanir í síma 22321, 22322.
- í Sjálfstæðishúsinu Akureyri miðvikudaginn 4. mars. Öskudag kl. 19.00. Borðapantanir í síma 96-22970.

Forstjóri ferðaskrifstofunnar verður til viðtals á Hótel Varðborg frá kl. 13—18. 4. mars.

Ferðaáætlun:

Alla mánudaga frá og með 25. maí til og með 14. september — Þotuflug.

Vikuferð:

Sofia — Rila — Plovdiv — Gabrovo — Veliko — Turnevo — Varna.

Vikulega að eigin vali

Badstrendur:

Drushba —Luxus hótelið Grand Hotel Varna.

Zlatni Piatsatsi — Gullna ströndin, 1. flokks hótelin Ambassador, Preslav, Zlatna Kotva, Shipka.

Öll herbergi með baði, WC, svölum. Hálf fæði, matarmiðar.



Ferðaskrifstofa
**KJARTANS
HELGASONAR**
Gnoðavog 44 - Sími 86255

Tryggið ykkur far í tíma.
Pantanir eru þegar farnar að berast

681 — 1981
1300
ára
afmæli
ríkisins

Slanjev Brajg:

Sólströndin, smáhýsi, íbúðir. Hálf fæði eða aðeins morgunmatur. Eigin matseld eftir vali. Íslenskur leiðsögumaður á staðnum. Fjöldi skoðunarferða, þar á meðal með skipi til Istanbul, Yalta og Odessa. Ódýrasta land Evrópu 3 vikna ferðir frá kr. 6.190.- Hálf fæði: — og þá tölum við um raunverð þ.e. allt innifalið, sem nauðsynlegt má teljast til ferðalaga, flug — gisting — leiðsögn — en ekki flugvallaskattur, vasapeningar eða annað ótalið hér.

50% uppbót á allan ferðamannagjaldeyri

Er hægt að bjóða betur?